

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Hver sá, sem án árangurs, sækir um atvinnu hjá vinnumiðlun skal færður á sérstaka atvinnuleysisskrá ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal, ef ástæða þykir til, um vinnufærni umsækjanda, skv. vottorði læknis.

Vinnumiðlun getur krafist þess að sá sem skráður er atvinnulaus, hafi samband við hana svo oft sem þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni. Aldrei skal atvinnuumsækjandi, sem telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta, þó mæta sjaldnar til skráningar en vikulega.

Atvinnuumsækjandi getur fengið tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun þar sem hann er skráður atvinnulaus til að skrá sig reglulega hjá annarri vinnumiðlun. Sá sem fær slíkt leyfi verður að tilkynna það með fullnægjandi hætti til vinnumiðlunar þess sveitarfélags þar sem hann er skráður hvar hann er staddur og hvar hægt verður að ná sambandi við hann. Tilkynning og skráning verður að gerast á þeim degi sem viðkomandi á að mæta reglulega til skráningar í sínu sveitarfélagi. Ef fyrir liggur atvinnutilboð hjá viðkomandi vinnumiðlun verður atvinnuleitandi að taka afstöðu til atvinnutilboðsins. Líði fresturinn án þess að mætt sé til skráningar, skal hlutaðeigandi felldur út af skrá yfir atvinnulausa. Vikuleg skráning sem fer fram í öðru sveitarfélagi skal gerð á sérstök eyðublöð sem send eru jafnóðum til þeirrar vinnumiðlunar þar sem atvinnuumsækjandi á að mæta til reglulegrar skráningar.

Fái atvinnuumsækjandi vinnu án meðalgöngu vinnumiðlunar, skal hann tilkynna vinnumiðlun það án tafar. Ennfremur ber að tilkynna vinnumiðlun brottflutning af starfsvæði hennar svo og forföll vegna veikinda.

2. gr.

19. gr. orðist svo:

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt er skylt að annast vinnumiðlun og/eða atvinnuleysisskráningu, skulu í lok hvers mánaðar senda VMF upplýsingar um skráð atvinnuleysi í umdæminu. Þessar upplýsingar, sem berast skulu VMF á tölvutæku formi í sameiginlegan gagnagrunn eigi síðar en þriðja virka dag næsta mánaðar, skulu vera á því formi að hægt sé að greina fjölda skráðra atvinnuleysisdaga í mánuðinum í hverri starfsgrein fyrir sig svo og fjölda þeirra einstaklinga sem eru á atvinnuleysisskrá síðasta virkan dag mánaðarins. Þessir einstaklingar þurfa að vera flokkaðir eftir kyni, aldri, atvinnugreinum, starfsgreinum, menntun, lengd atvinnuleysis, ástæðum atvinnuleysis og öðru sem máli kann að skipta fyrir framboð á vinnuafli. Eins þarf að koma fram hve margir eru í vinnumarkaðsaðgerðum eins og átaksverkefnum eða námskeiðum og hve margir þeirra sem skráðir eru atvinnulausir hafa þörf fyrir sérstaka aðstoð við að komast á vinnumarkað. Jafnframt skal upplýst um laus störf, sem kynnu að vera skráð hjá vinnumiðlun, fjölda þeirra og í hvaða starfsgreinum þessi störf eru auk annarra upplýsinga sem máli kunna að skipta fyrir eftirspurn eftir vinnuafli.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.